



HRUNAMANNAHREPPUR

34. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 3. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 2. MARS 2017

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2017, þann 2. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsston, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Lögreglustjórinn á Suðurlandi: Heimsókn.
2. Smiðjustígur 6: Forkaupsréttur.
3. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga.
4. Innanríkisráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um útlendingamál.
5. Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Verklag vegna umsagnabeiðna vegna reglugerðar um veitingastaði og gististaði.
6. Björgunarfélagið Eyvindur: Ósk um styrk vegna námskeiðahalds fyrir unglinga.
7. Landgræðslufélag Hrunamanna: Tilnefning fulltrúa Hrunamannahrepps.
8. Öldungaráð í Hrunamannahreppi: Tillaga að samþykktum.
9. Endurnýjun yfirdráttarheimildar.
10. Fjölís: Endurnýjun samnings um afritun verndaðra verka.
11. Míla: Leigusamningur.
12. Fjarskiptasjóður: Úthlutun fjármuna vegna ljósleiðara í dreifbýli.
13. Motus: Endurnýjun samnings um innheimtuþjónustu.
14. Refaveiðisamningar.
15. Forstöðumaður íþróttamannvirkja og íþrótt- og tómsfundafulltrúi.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. Vinnuhópur um upplýsingaröflun fyrir nýbúa: Fundargerð hópsins frá 2. febrúar s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

17. Fundargerð 127. fundar skipulagsnefndar frá 9. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 1. febrúar s.l.
Mál nr. 22: Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi Ölfus. Umsagnarbeiðni.
Mál nr. 23: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
18. Fundargerð 128. fundar skipulagsnefndar frá 23. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. febrúar s.l.
Mál nr. 1: Holtabyggð: Fyrirspurn vagn útleigu frístundahúsa.
Mál nr. 25: Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum. Starfsreglur.
Mál nr. 26: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 177. fundar frá 3. febrúar s.l.
- b. SASS: Fundargerð 516. fundar stjórnar frá 3. febrúar s.l.
- c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 253. fundar stjórnar frá 15. febrúar s.l.

Kynningarmál:

- d. Minnispunktar af fundi með Suðurnesjadeild 4X4 vegna Leppistungnaskálans.
- e. Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita bs: Deiliskipulagsbreyting.
- f. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 27. stjórnarfundar frá 20. janúar s.l.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 846. fundar stjórnar frá 27. janúar s.l.
- h. Golfklúbburinn Flúðir: Ársreikningur 2016.
- i. Fréttabréf Kerlingarfjallavina.
- j. Laugaráslæknishérað: Ársreikningur.

- k. Minnispunktar Hrunamannahrepps vegna fundar með þingmönnum Suðurkjördæmis þann 14. febrúar s.l.
- l. Lánasjóður sveitarfélaga: auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðsins.
- m. Ferðamálafulltrúi Uppsveita: Skipting á kostnaði 2016.
- n. Byggingar- og skipulagsfulltrúi Uppsveita bs. Skipting á kostnaði 2016.

Fundir framundan:

- o. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Málþing um sveitarfélög og ferðaþjónustu 3. mars n.k.
- p. Ferðamálstofa og stjórnstöð ferðamála 6. mars n.k.
- q. Aðalfundur Landgræðslufélags Hrunamanna 9. mars n.k.
- r. Aðalfundur Kerlingarfjallavina 13. mars. nk.
- s. Samband Íslenskra sveitarfélaga: Landsþing 24. mars n.k.
- t. Sviðsmyndagreining KPMG með sveitarstjórnnum 25. og 26. apríl n.k.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Lögreglustjórinn á Suðurlandi: Heimsókn.**
Oddviti bauð Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóra á Suðurlandi, Sveinn Rúnar Kristjánsson yfirlögregluþjón og Víði Reynisson, lögreglufulltrúa velkomna á fund sveitarstjórnar. Gestirnir fóru yfir málefni lögreglunnar á Suðurlandi og almannavarnir í Árnessýslu. Sveitarstjórn þakkar gestunum fyrir komuna og gott yfirlit um málefni og viðfangsefni lögreglunnar og almannavarna.
2. **Smiðjustígur 6: Forkaupsréttur.**
Oddviti kynnti beiðni frá Kaupsýslunni fasteignasölu þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Smiðjustíg 6 skv. lóðaleigusamningi vegna eignarinnar. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Smiðjustíg 6 að Flúðum, fastanúmer 220-3470 skv. samþykktu afsali í eignina.
3. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til laga um farþegaflutninga og farmflutninga. Jafnframt eru lagðar fram umsagnir SASS og Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið. Sveitarstjórn leggur áherslu á að tryggt sé að sérleyfisréttur varðandi almenningssamgöngur sé virtur og tekur undir athugasemdir SASS og Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi frumvarpið.
4. **Innanríkisráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um útlendingamál.**
Oddviti kynnti umsagnabeiðni frá Innanríkisráðuneytinu um drög að reglugerð um útlendingamál.
5. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Verklag á umsagnarbeiðnum vegna reglugerðar um veitinga- og gististaði.**
Oddviti kynnti tillögu að verklagi á umsagnarbeiðnum vegna reglugerðar um veitinga- og gististaði sem Sýslumaðurinn á Suðurlandi leggur til að unnið verði eftir.
6. **Björgunarfélagið Eyvindur: Ósk um styrk vegna námskeiðahalds fyrir unglinga.**
Oddviti kynnti beiðni frá Björgunarfélaginu Eyvindi um styrk að fjárhæð kr. 20.000 vegna námskeiðahalds sem ætlað er börnum í 4.-7. bekk í Þjórsárskóla og Flúðaskóla. Sveitarstjórn samþykkir beiðnina sem bókast á lið 0689 í fjárhagsáætlun. Halldóra víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
7. **Landgræðslufélag Hrunamanna: Tilnefning fulltrúa Hrunamannahrepps.**
Oddviti fór yfir beiðni Jóhönnu Ingólfsdóttur um að hætta sem aðalmaður Hrunamannahrepps í Landgræðslufélagi Hrunamanna. Sveitarstjórn samþykkir að skipa Bjarna Val Guðmundsson sem aðalmann Hrunamannahrepps í Landgræðslufélagi Hrunamanna. Sveitarstjórn þakkar Jóhönnu fyrir framlag hennar til landgræðslumála í Hrunamannahreppi.
8. **Öldungaráð í Hrunamannahreppi: Tillaga að samþykktum.**
Oddviti kynnti tillögu að samþykktum fyrir öldungaráð í Hrunamannahreppi. Sveitarstjórn samþykkir að stofnað verði öldungaráð í Hrunamannahreppi og tillögu að samþykktum fyrir ráðið. Skv. tillögu félags eldri borgara í

Hrunamannahreppi mun verða skipað fyrst í ráðið eftir sveitarstjórnarkosningar 2018 en fram að þeim tíma verði haft samráð við stjórn félags eldri borgara eins og verið hefur.

9. **Endurnýjun yfirdráttarheimildar.**

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir því við Arionbanka að yfirdráttarheimild á tékkareikningi sveitarfélagsins að upphæð allt að kr. 40.000.000 sem rennur út í lok mars mánaðar verði framlengd og felur sveitarstjóra að ganga frá erindinu og stýra svo upphæð heimildarinnar eftir fjárþörf sveitarfélagsins hverju sinni innan ofangreinds upphæðarramma.

10. **Fjölís: Endurnýjun samnings um afritun verndaðra verka.**

Oddviti kynnti drög að endurnýjun samnings við Fjölís. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

11. **Míla: Leigusamningur.**

Oddviti fór yfir leigusamning Mílu við Hrunamannahrepp um aðstöðu fyrir tækjabúnað í Akurgerði 6 en samningurinn rennur út í árslok 2017. Sveitarstjórn telur heppilegra að Míla finni sér annað húsnæði þar sem sveitarfélagið þarf að bæta við aðstöðu sína í ráðhúsinu. Sveitarstjóra og oddvita er falið að ræða við Mílu um málið.

12. **Fjarskiptasjóður: Úthlutun fjármuna vegna ljósleiðara í dreifbýli.**

Oddviti kynnti stöðu á ljósleiðarakerfi í dreifbýli í Hrunamannahreppi en sveitarfélagið hefur hlotið styrk úr Fjarskiptasjóði að fjárhæð kr. 24.860.000 og kr. 2.000.000 frá Byggðastofnun. Sveitarstjórn fagnar styrkveitingunum. Ljóst er að framundan er töluverð vinna við formlegan undirbúning verkefnisins. Sveitarstjórn mun síðan upplýsa um framgang verkefnisins eftir því sem fram vindur og haldinn verður íbúafundur um málið þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

13. **Motus: Endurnýjun samnings um innheimtuþjónustu.**

Oddviti kynnti drög að endurnýjun á samningi við Motus um innheimtuþjónustu. Sveitarstjórn samþykkir að endurnýja samninginn til tveggja ára og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

14. **Refa- og minkaveiðisamningar.**

Oddviti kynnti drög að samningum um refa- og minkaveiði við veiðimenn sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samningsdrögin í samræmi við umræður á fundinum og felur sveitarstjóra að ganga frá samningum og útfærslu þeirra.

15. **Forstöðumaður íþróttamannvirkja og íþrótt- og tómskundafulltrúi.**

Oddviti kynnti starfslýsingu fyrir forstöðumann íþróttamannvirkja og íþrótt- og tómskundafulltrúa. Gert er ráð fyrir að um sé að ræða 50% starfshlutfall frá og með 1. ágúst n.k. Kostnaður vegna starfsins umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun er kr. 1,5 millj. á árinu 2017 og skal þeim útgjöldum mætt með lækkun á handbæru fé með viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að koma á fót stöðu forstöðumanns íþróttamannvirkja og íþrótt- og tómskundafulltrúa og felur sveitarstjóra að auglýsa starfið laust til umsóknar.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. **Vinnuhópur um upplýsingaöflun fyrir nýbúa: Fundargerð hópsins frá 2. febrúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð vinnuhópsins frá 2. febrúar s.l. Þar var farið yfir stöðu málsins og þau gögn sem eru komin úr þýðingu og klár til framsetningar. Lagt var til að kynningargögn sendist frá skrifstofu til allra nýrra íbúa og bæklingar yrðu afhentir til vinnuveitenda. Þá var lögð áhersla á að mikilvægt sé að íslenskunámskeið séu í boði. Einnig var farið yfir móttökuáætlun sem er í vinnslu fyrir Flúðaskóla og farið yfir aðgerðaáætlun vegna nýbúa. Sveitarstjórn tekur undir tillögur og útfærslu vinnuhópsins um hvernig upplýsingum sé komið á framfæri og felur sveitarstjóra að hrinda þeirri vinnu í framkvæmd. Sveitarstjórn þakkar vinnuhópnum fyrir góð störf en hann hefur lokið vinnu sinni.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

17. Fundargerð 127. fundar skipulagsnefndar frá 9. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 1. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 127. fundar skipulagsnefndar frá 9. febrúar og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 1. febrúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 22: Deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi Ölfuss. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram til kynningar skipulagsáætlanir sem hafa verið auglýstar af hálfu sveitarfélagsins Ölfuss.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og gerir ekki athugasemdir við ofangreindar skipulagsáætlanir.

Mál nr. 23: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 1. febrúar s.l.

18. Fundargerð 128. fundar skipulagsnefndar frá 23. febrúar s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. febrúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 128. fundar skipulagsnefndar frá 23. febrúar og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. febrúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 1: Holtabyggð: Fyrirspurn vegn útleigu frístundahúsa.

Lögð fram fyrirspurn hvort heimilt verði að leigja út frístundahús og gestahús á lóð í frístundabyggðinni lengur en í 90 daga.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur að í reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sé gert ráð fyrir því að ef veita eigi leyfi lengur en 90 daga þurfi viðkomandi húsnæði að vera atvinnuhúsnæði og samþykkt sem slíkt af byggingafulltrúa. Þar sem frístundahús teljast ekki vera atvinnuhúsnæði telur sveitarstjórn ekki hægt að leigja slík hús út lengur en 90 daga á ári.

Mál nr. 25: Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum. Starfsreglur.

Farið var yfir hugmyndir að samræmdum reglum varðandi útleigu á íbúðar- og sumarhúsum en í ljósi nýrrar reglugerðar er ekki forsenda til að gefa út starfsleyfi fyrir útleigu á íbúðar- og sumarhúsasvæðum umfram 90 daga þar sem hús á slíkum svæðum hafa til þessa ekki verið samþykkt eða skráð sem atvinnuhúsnæði. Sveitarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að útbúnar verði samræmdar starfsreglur fyrir aðildarsveitarfélögin byggðar á þessari túlkun.

Mál nr. 26: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 15. febrúar s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 177. fundar frá 3. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

b. SASS: Fundargerð 516. fundar stjórnar frá 3. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

c. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 253. fundar stjórnar frá 15. febrúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

d. Minnispointar af fundi með Suðurnesjadeild 4X4 vegna Leppistungnaskálans.

Lagt fram til kynningar.

e. Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita bs: Deiliskipulagsbreyting.

Lagt fram til kynningar.

f. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 27. stjórnarfundar frá 20. janúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

g. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 846. fundar stjórnar frá 27. janúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

h. Golfklúbburinn Flúðir: Ársreikningur 2016.

Lagt fram til kynningar.

i. Fréttabréf Kerlingarfjallavina.

Lagt fram til kynningar.

- j. Laugaráslæknishérað: Ársreikningur.**
Lagt fram til kynningar.
- k. Minnisþing Hrunamannahrepps vegna fundar með þingmönnum Suðurlands á þann 14. febrúar s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Lánaþing sveitarfélaga: auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánaþingsins.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Ferðamálaþing Uppsveita: Skipting á kostnaði 2016.**
Lagt fram til kynningar.
- n. Byggingar- og skipulagsþing Uppsveita bs. Skipting á kostnaði 2016.**
Lagt fram til kynningar.

Fundur framundan:

- o. Samband íslenskra sveitarfélaga: Málþing um sveitarfélög og ferðaþjónustu 3. mars n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- p. Ferðamálastofa og stjórnstöð ferðamála 6. mars n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- q. Aðalfundur Landgræðlufélags Hrunamanna 9. mars n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- r. Aðalfundur Kerlingarfjallavina 13. mars. nk.**
Lagt fram til kynningar.
- s. Samband íslenskra sveitarfélaga: Landsþing 24. mars n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- t. Sviðsmyndagreining KPMG með sveitarstjórnnum 25. og 26. apríl n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.17.40.